

Sýslumaður Vestfjarða

06 443

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Sýslumaður Vestfjarða

kt. 411014-0100

Aðalstræti 92, 450 Patreksfjörður

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs. Aðalskrifstofan er á Patreksfirði, sýsluskrifstofa á Ísafirði og útibú á Hólmavík. Auk almennra verkefna sér embættið um álagningu og að innheimta vanrækslugjald samkvæmt 46. gr. reglugerðar nr. 414/2021 um skoðun ökutækja.

Starfsemin fellur undir málefnavið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 261,9 milljónir og afkoma kr. 1,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 6,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 47,8 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnaviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumanns Vestfjarða fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	252.700.000	244.700.000
Sala á vöru og þjónustu	3	313.038	1.070.336
Framlög, gjafir og aðrar tekjur	4	7.549.078	5.396.076
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	1.307.124	1.016.970
Tekjur samtals		261.869.240	252.183.382
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	199.899.745	191.345.320
Annar rekstrarkostnaður	6	58.872.727	54.785.717
Afskriftir og niðurfærslur	7	1.307.124	1.016.970
Gjöld samtals		260.079.596	247.148.007
Afkoma fyrir fjármagnsliði		1.789.644	5.035.375
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármagnsgjöld		(53.066)	(1.183)
		<u>(53.066)</u>	<u>(1.183)</u>
Afkoma ársins		1.736.578	5.034.192
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		1.736.578	5.034.192
		<u>1.736.578</u>	<u>5.034.192</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Handbært fé	8	1.497.414	4.016.638
Skammtímakröfur		762.643	0
Tengdir aðilar	9	39.237.478	38.591.570
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	6.205.229	2.940.649
Óefnislegar eignir	11	103.472	216.346
Eignir samtals		<u>47.806.236</u>	<u>45.765.203</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir	12	35.946.318	36.992.522
Tengdir aðilar	9	1.257.783	0
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda		4.479.665	4.386.789
Skuldir samtals		<u>41.683.766</u>	<u>41.379.311</u>
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		6.122.470	4.385.892
Eigið fé			
Hrein eign		6.122.470	4.385.892
Eigið fé samtals	13	<u>6.122.470</u>	<u>4.385.892</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>47.806.236</u>	<u>45.765.203</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		1.736.578	5.034.192
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	1.307.124	1.016.970
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(1.307.124)	(1.016.970)
		<u>1.736.578</u>	<u>5.034.192</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Skammtímakröfur		(762.643)	(1.393.086)
Tengdir aðilar		(2.446.955)	(15.056.381)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(1.046.204)	11.072.789
		<u>(4.255.802)</u>	<u>(5.376.678)</u>
		<u>(2.519.224)</u>	<u>(342.486)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna		(4.458.830)	(578.595)
		<u>(4.458.830)</u>	<u>(578.595)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		4.458.830	578.595
		<u>4.458.830</u>	<u>578.595</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(2.519.224)	(342.486)
		<u>4.016.638</u>	<u>4.359.124</u>
		<u>1.497.414</u>	<u>4.016.638</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025	252.100.000	1.400.000	253.500.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraulögum	252.100.000	1.400.000	253.500.000
Launabætur	600.000	0	600.000
Fjárveiting ársins	252.700.000	1.400.000	254.100.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað)	4.385.892	1.229.794	5.615.686
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	257.085.892	2.629.794	259.715.686
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(250.963.422)	(4.458.830)	(255.422.252)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025	6.122.470	(1.829.036)	4.293.434

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	6.308.701	3.156.995
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(1.829.036)	1.229.794
	<u>4.479.665</u>	<u>4.386.789</u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrðun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrðunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrðun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrðunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2025 2024

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Tekjufærsla fjárveitinga	252.700.000	244.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	1.307.124	1.016.970
	<u>254.007.124</u>	<u>245.716.970</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	252.100.000	0	0	252.100.000
Launabætur	600.000	0	0	600.000
Fjárveiting til tekna	252.700.000	0	0	252.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(250.963.422)	0	0	(250.963.422)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	1.736.578	0	0	1.736.578

3 Sala á vöru og þjónustu

Verksala	106.006	144.890
Ýmsar þjónustutekjur	207.032	130.731
Veitinga- og gistipjónusta	0	794.715
	<u>313.038</u>	<u>1.070.336</u>

4 Framlög, gjafir og aðrar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	1.936.435	0
Leigutekjur	5.605.463	4.661.629
Ýmsar aðrar tekjur	7.180	734.447
	<u>7.549.078</u>	<u>5.396.076</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	161.223.212	158.517.154
Breyting á áföllnu orlofi	1.435.850	(4.834.923)
Launatengd gjöld	36.520.030	36.217.391
Samtals launakostnaður	199.179.092	189.899.622
Starfsmannakostnaður	720.653	1.445.698
	<u>199.899.745</u>	<u>191.345.320</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	15,2	15,8
------------------------------	------	------

Skýringar

	2025	2024
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	803.830	779.051
Tæki og búnaður til innréttinga	0	6.480
Ýmis tæki og áhöld	419.857	617.882
Orkugjafir	2.426.799	1.638.940
Matvæli	2.754.228	2.792.476
Almennar rekstrarvörur	118.146	527.383
Vörukaup, almenn	6.522.860	6.362.212
Ýmsar sérgreindar vörur	0	1.995
Vörukaup, sérgreind	0	1.995
Fundir, námskeið, risna	403.982	491.124
Ferðir, uppihald	922.280	837.194
Akstur	850.154	587.132
Sérfræðiþjónusta	4.478.146	2.133.008
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	12.604	34.884
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	883.706	140.615
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.458.295	1.525.347
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	9.009.167	5.749.304
Afnotagjöld	6.431.276	4.341.256
Leigugjöld	30.466.324	29.067.252
Notkun véla og flutningatækja	97.500	31.000
Verkkaup	1.645.769	4.818.401
Kostnaðarhlutdeild	4.841.773	4.435.581
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	43.482.642	42.693.490
Hlutdeild annarra í kostnaði	(141.942)	(21.284)
Annar rekstrarkostnaður samtals	58.872.727	54.785.717
7 Afskriftir og niðurfærslur		
	2025	2024
Áhöld, tæki og búnaður	1.194.250	904.096
Úreldar eignir	0	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna	112.874	112.874
	1.307.124	1.016.970

Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
8 Handbært fé		
Sjóðir	117.096	173.858
Innlendar bankainnistæður	1.380.318	3.842.780
	<u>1.497.414</u>	<u>4.016.638</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

	31.12.2025	31.12.2024
9 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	39.237.478	38.591.570
Skuldir við tengda aðila	(1.257.783)	0
	<u>37.979.695</u>	<u>38.591.570</u>

	31.12.2025	31.12.2024
10 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	6.205.229	2.940.649
	<u>6.205.229</u>	<u>2.940.649</u>
	<u>6.205.229</u>	<u>2.940.649</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025	12.769.055	0	0	0	12.769.055
Viðbætur á árinu	4.458.830	0	0	0	4.458.830
Selt/úrelt á árinu	0	0	0	0	0
	<u>17.227.885</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>17.227.885</u>
Afskriftir 01.01.2025	9.828.406	0	0	0	9.828.406
Afskrift ársins	1.194.250	0	0	0	1.194.250
Selt/úrelt á árinu	0	0	0	0	0
	<u>11.022.656</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>11.022.656</u>
Staða 31.12.2025	<u>6.205.229</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>6.205.229</u>

Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
11 Óefnislegar eignir		
Hugbúnaður	103.472	216.346
	<u>103.472</u>	<u>216.346</u>
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2025:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2025		<u>564.373</u>
		<u>564.373</u>
Niðurfært 01.01.2025		348.027
Niðurfærsla ársins		112.874
		<u>460.901</u>
Staða 31.12.2025		<u>103.472</u>
	31.12.2025	31.12.2024
12 Aðrar skuldir		
Áfallið og ógreitt orlof	17.211.796	15.775.946
Viðskiptaskuldir	1.036.851	1.734.866
Ýmsar skuldir	17.697.671	19.481.710
	<u>35.946.318</u>	<u>36.992.522</u>
13 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
	31.12.2025	31.12.2024
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	4.385.892	(648.300)
Afkoma ársins	1.736.578	5.034.192
Jöfnuður 31.12.	<u>6.122.470</u>	<u>4.385.892</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.